

**Nd.** **553. Frumvarp til laga** [267. mál]  
um breyting á lögum nr. 60/1972, um stofnun og slit hjúskapar.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

2. grein 1. málsg. laga nr. 60 29. maí 1972, um stofnun og slit hjúskapar, breytist þannig, að í stað „20 ára“ komi: 18 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fyrir Alþingi liggur lagafrumvarp um breyting á lögum um lögræði, nr. 95/1947, þar sem sú breyting er ráðgerð á lögræðisaldri, að hann lækki úr 20 árum í 18 ár. Svo sem getið er um í athugasemdum við það lagafrumvarp, er eðlilegt að breytt verði, við lögfestingu lækkaðs lögræðisaldurs, lagaákvæðum, þar sem áskilnaður um samþykki foreldra er bundinn við 20 ára aldur. Svo er um samþykki foreldra við hjúskaparstofnun barns þeirra, sem er innan við 20 ára aldur, skv. gildandi lögum. Er því lagt til með þessu lagafrumvarpi, að það aldursmark lækki í 18 ár. — Samsvarandi lökkun á aldursmarki um samþykki til ættleiðingar fólst í ættleiðingarlögum nr. 15/1978 7. gr., sem tóku gildi s. l. áramót. Er þeirrar breytingar því ekki lengur þörf. — Þess má geta, að annað á við um það 20 ára aldursmark, um að gerast ættleiðandi, sem felst í 4. grein þeirra laga. Aðalregla þeirrar greinar er að 25 ára aldur þurfi til, og ekki þykir ástæða til að lágmarksaldursmarkið þurfi að fylgja lögræðisaldri.